



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2006

Efni: **Umsögn um breytingu á lögum nr. 87/2004 um olúgjald, 357. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar frumvarp um kæruheimildir og refsíabyrgð sem hafa það að markmiði að gera framkvæmd eftirlits með lögnum um olúgjald skilvirkari og herða refsingar við brotum. Samtökin eru fylgjandi hertum refsingum og skjótari málsferð í þeirri von að breytingarnar leiði til þess að undanskotum fækki. Hingað til hafa undanskot verið auðveld, eftirlit ófullnægjandi og viðurlög við brotum of væg. Götótt skattalöggjöf er óviðunandi og skekkir samkeppnisstöðu þeirra sem heyra undir lögum.

Einnig er frestað enn á ný að hækka olúgjald úr 41 krónu í 45 krónur. Samtökin eru að sönnu fylgjandi áframhaldandi frestun á hækkun þessara gjalda en hefðu talið tímabært að þetta hækkunarákvæði yrði endanlega fellt úr lögnum fremur en að seinka gildistöku tímabundið um eitt ár eins og nú er gert.

Með vísan til umræðna á Alþingi um breytingar á þessum lögum skömmu fyrir frestun þingfundar í desember í fyrra, getum við ekki látið hjá líða að ítreka tillögu samtakanna varðandi gjaldtöku af atvinnubifreiðum sem eru þyngri en 10 tonn. Tillagan var send Alþingi í umsögn í apríl 2004 og svo aftur í desember í fyrra. Starfshópur fjármálaráðuneytis, sem hefur endurskoðað lögum frá því í vor, hefur tekið undir tillögu samtakanna.

Tillagan gengur í stuttu máli út á að eigendur þyngri ökutækja geti sjálfið valið hvaða ökutæki falla undir olúgjald og hvaða ökutæki nota litaða gjaldfrjálsa olíu en greiði þess í stað sérstakt kílómetragjald. Eigendur meta sjálfir hvor leiðin er hagkvæmari miðað við notkun ökutækisins. Þá geta eigendur ökutækja, sem eyða mikilli olíu í kyrrstöðu, valið hvort þeir nota litaða olíu og greiða sérstakt kílómetragjald. Hætt verði að skilgreina sérstaklega í reglugerð þær bifreiðar sem heimild hafa til að nota litaða olíu og greiða sérstakt kílómetragjald. Notkunarsviðið myndi stýra mönnum til þeirrar gjaldtöku sem við á en ætla má að langflestir héldu sig við núgildandi kerfi. Samtökin telja brýnt að þessi tillaga verði felld inn í frumvarpið.

Tillaga samtakanna fellur að alþjóðlegri þróun, leiðir til einföldunar og skilvirkni og tryggir ríkissjóði nauðsynlegar tekjur til samgöngumála.

Samtök atvinnulífsins,

Samtök iðnaðarins,

Hannes G. Sigurðsson

Árni Jóhannsson